

að broti gegn 244. gr. hegningarlaga, og var ákæru frestað skil-orðsbundið í 2 ár frá 16. september sama ár.

Kærði hefur ekki fastan dvalarstað og er atvinnulaus.

Með hliðsjón af framangreindu og vísan til 3. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir rétt þrátt fyrir ungan aldur kærða að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhald yfir honum til 10. maí nk. til greina, þar sem ella þykir hætta á, að kærði haldi áfram afbrotum.

Brot þau, sem kærði er sakaður um, geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXIII. og XXVI. kafla almennra hegningarlaga, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar því gæsluvarðhaldinu eigi til fyrirstöðu.

Rétt þykir með vísan til 2. tl. 75. gr. (sic), að kærði gangist undir geðheilbrigðisrannsókn, á meðan á gæsluvarðhaldinu stendur.

Úrskurðarorð:

Kærði, Kristján Ingi Bragason, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til miðvikudagsins 10. maí nk. kl. 1700.

Enn fremur sæti hann geðheilbrigðisrannsókn, á meðan á gæsluvarðhaldinu stendur.

Föstudaginn 14. apríl 1978.

Nr. 107/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Þráni Gíslasyni

(Magnús Thorlacius hrl.).

Brot gegn áfengislögum.

Dómur Hæstaréttur.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Framhaldspróf í málinu voru háð hinn 22. mars 1978. Kom

Þá fyrir dóm vitnið Ingimar Einar Ólafsson. Skýrði vitnið svo frá, að það hafi verið á heimili ákærða sama dag og hann var handtekinn. Hefði ákærði ekið sér í Kópavog. Í bifreiðinni hefði þá einnig verið kona sú, sem ákærði bjó með í óvígðri sambúð. Konan hefði haft meðferðis eina flösku af brennivíni, sem ætlunin hefði verið að drekka á heimili ákærða að loknu erindi vitnisins í Kópavogi. Vitnið kveður konuna hafa boðið sér að drekka úr flöskunni, eftir að þau höfðu sest í bifreiðina, en það hefði eigi þekkt boðið. Vitnið kveðst telja öruggt, að konan „hafi verið búin að taka tappann úr“ flöskunni, en getur ekki fullyrt, hvort hún hafi verið búin að súpa á henni. Telur vitnið líklegra, að svo hafi ekki verið. Eftir að ákærði hafði ekið vitninu að tilteknu húsi í Kópavogi, hefði hann ætlað að skreppa frá, en koma síðan aftur eftir vitninu. Ákærði kom hins vegar ekki, og frétti vitnið einum eða tveimur dögum síðar, að lögreglan hefði handtekið ákærða vegna gruns um áfengissölu. Engar tíma-
setningar eru í vættisburði þessum, sem vitnið staðfesti með eiði.

Við lok framangreinds þinghalds fór fram skoðun á áfengisflösku þeirri, sem lögreglan tók af ákærða hinn 8. mars 1975. Um þá skoðunargerð er bókað svo í þingbók: „Kemur . . . í ljós, að innsiglið er rofið og ekki lengur áfast við tappann. Flaskan er full, og virðist ekki hafa verið drukkið úr henni.“

Vitnið Guðfinnur Þorsteinsson kveðst hafa setið að drykkju nokkurn tíma, áður en hann settist í bifreið ákærða. Vitnið og ákærði hafa eigi verið samprófaðir og ekki heldur ákærði og lögreglumenn þeir, sem skýrslur hafa gefið í málinu. Eigi þykja alveg fullnægjandi sannanir fram komnar fyrir því, að ákærði hafi gerst sekur um refsiverða tilraun til sölu áfengis. Hins vegar þykir sannað, að áfengisflaska sú, sem greinir í ákæruskjali, var í leigubifreið ákærða, er lögreglumenn þá bar að, er handtöku ákærða, og er refsiskilyrðum 4. málsg., sbr. 3. málsg. 19. gr., sbr. 2. málsg. 42. gr. áfengislaga nr. 82/1969 fullnægt. Ber að refsa ákærða samkvæmt þeim lagaboðum og taka til greina varakröfu ákæru-

valds. Fyrir Hæstarétti hefur verið lagt fram bréf frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins þess efnis, að útsöluverð brennivínsflösku hafi verið 2.170 krónur hinn 8. mars 1975. Sekt ákærða á samkvæmt framangreindum refsiboðum að nema fimmföldu útsöluverði áfengis, sem brot beinist að, eða 10.850 krónum. Sektin renni í ríkissjóð og afplánist með 2 daga varðhaldi, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku áfengisflösku þeirrar, sem í málinu greinir, en hún er í vörslu sakadóms Reykjavíkur. Þá ber einnig að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls kostnaðar af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 40.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þráinn Gíslason, sæti 10.850 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með 2 daga varðhaldi, verði hún eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 25. október 1976.

Ár 1976, mánudaginn 25. október, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 505/1976: Ákæruvaldið gegn Þráni Gíslasyni, sem tekið var til dóms 19. þ. m.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 6. febrúar sl., gegn Þráni

Gíslasyni bifreiðarstjóra, Grundarstíg 11, fæddum 21. október 1942 í Reykjavík,

„fyrir að hafa, laugardaginn 8. mars 1975, tekið manninn Guðfinn Þorsteinsson upp í bifreið sína að Laufásvegi 74 í Reykjavík og samþykkt þar að selja honum eina flösku af brennivíni og síðan ekið með hann að heimili sínu að Grundarstíg 11 og náð þar í eina brennivínsflösku, en þegar lögreglumenn komu að, þá rétti ákærði sambýliskonu sinni flöskuna, en hún var einnig farþegi í bifreiðinni í framsæti hennar.

Telst þetta aðallega varða við 18. gr., sbr. 39. gr. áfengisлага nr. 82/1969, sbr. 20 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 4. mgr., sbr. 3. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. 42. gr. áfengis-laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til að sæta upptöku á framangreindri flösku af brennivíni samkvæmt 2. mgr. i. f. 42. gr. áfengisлага og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik.

Laugardaginn 8. mars 1975 voru þrír lögregluþjónar í eftirlitsferð í ómerktri bifreið, og var erindi þeirra að huga að leynivín-sölum. Á móts við húsið Laufásveg 74 sáu þeir um kl. 1905 mann fara inn í leigubifreiðina R 1304 og setjast þar í aftursæti, og var bifreiðinni ekið af stað. Lögregluþjónarnir veittu henni eftirför að Grundarstíg 11. Þar fór ökumaður inn og kom síðan út aftur og hafði þá eitthvað innanklæða, og settist hann inn í bifreiðina. Lögregluþjónarnir renndu bifreið sinni að leigubifreiðinni og sáu þá ökumann taka flösku, sem hann hafði haft inni á sér, og skjóta henni til konu, sem sat í framsæti hjá honum. Þá handtöku lög-regluþjónarnir ökumann, en það var ákærði í máli þessu.

Í lögreglustöðinni var skýrsla tekin af ákærða, sem neitaði því, að hann hefði sótt flösku inn til sín á Grundarstíg 11. Sambýliskonu hans, sem með honum var í bifreiðinni, hefði verið með flösku þessa meðferðis og hefði flaskan verið ætluð til eigin nota. Á sama hátt hefur ákærði skýrt frá við dómsrannsókn málsins. Neitar hann því með öllu, að hann hafi selt eða ætlað að selja flöskuna.

Farþegi sá, sem kom í bifreiðina á Laufásvegi, heitir Guðfinnur Þorsteinsson, sjómaður, Melgerði 28, Kópavogi, 24 ára að aldri. Hann kom fyrir dóm við rannsókn málsins 29. des. 1975. Kvaðst hann þá muna óljóst eftir atvikum, en þó rámaði sig í það, er hann var á ferð í leigubifreið og bifreiðarstjórinn var handtekinn. Hann lýsti yfir því, að í skýrslum þeim, sem hann hefði áður

gefið, hefði hann farið rétt með. Í skýrslu, sem Guðfinnur hafði gefið í lögreglustöðinni 8. mars kl. 1915 í viðurvist lögregluþjónanna Reynis Kjartanssonar og Eðvarðs Skúlasonar, hafði hann skýrt svo frá, að hann hefði pantað bíl að Laufásvegi 74 með kallnúmeri 722 frá Hreyfli. Hann hefði beðið um stund og þá ítrekað aftur pöntun sína. Síðan hefði bifreið komið og hafi hann beðið ökumann að láta sig hafa áfengi og ökumaður boðið honum inn í bílinn og síðan ekið að einhverju húsi og farið þar inn. Hann hafi svo komið til baka og þá verið með áfengisflösku, sem hann hafi afhent konu, sem var með í bifreiðinni og sat í framsæti. Í því hafi lögregluþjónar komið að. Guðfinnur kvað ekki hafa verið búið að ræða um verð á flöskunni, en hann hafi litið svo á, að flaskan, sem konan tók við, væri honum ætluð. Í skýrslu, sem Guðfinnur gaf fyrir rannsóknarlögreglu 9. mars 1975, skýrði hann að öllu leyti eins frá, að öðru leyti en því, að hann kvað Helga Eiríksson, er hann hafi verið gestkomandi hjá, hafa hringt eftir bílnum. Í skýrslu þessari kvaðst Guðfinnur hafa átt það eitt erindi við ökumanninn að kaupa af honum áfengi.

Þeir þrír lögregluþjónar, sem um ræðir í upphafi atvikalýsingar, hafa allir borið vitni í málinu.

Eðvarð Skúlason segir, að ákærði hafi skroppið inn í hús nr. 11 við Grundarstíg og komið aftur að vörmu spori og þá bersýnilega haft eitthvað inni á sér. Eðvarð kveðst hafa séð það gegnum gluggann á bíl ákærða, að hann rétti flösku til konunnar, sem hjá honum sat. Flaskan hafi svo legið í sætinu milli þeirra, þegar lögregluþjónarnir opnuðu bílinn.

Reynir Ísfeld Kjartansson, sem kom fyrir dóm 28. okt. 1975, segir, að ákærði hafi farið inn í húsið og komið aftur eftir örskamma stund og þá virst hafa eitthvað meðferðis innanklæða. Hann hafi sest inn í bifreiðina við hlið konu, sem setið hafi í framsætinu. Reynir kveðst ekki muna greinilega, hvað hann sá af meðferð á áfengisflösku þeirri, sem síðan var lagt hald á. Hann segir, að vera megí, að hann hafi verið við stjórn lögreglubifreiðarinnar, þótt hann muni það ekki fyrir víst.

Sigurður Bjarnason kveður öldungis öruggt, að ákærði hafi, er hann kom út úr húsi sínu, haft á sér flösku þá, sem reyndist vera í bifreið hans og hald var lagt á. Hann kveðst hafa séð ákærða rétta flöskuna til konu þeirrar, sem hjá honum sat. Sigurður kveðst hafa séð greinilega inn í bifreiðina, svo að hann geti fullýrt um þetta.

Vitnið Helgi Eiríksson, Laufásvegi 74, segist muna eftir því, að

Guðfinnur hafi einhverju sinni verið gestur hans ásamt fleiri mönnum og síðan farið burt og ekki komið aftur. Helgi kannast ekki við, að hann hafi hringt eftir leigubifreið fyrir hann, og útilokað kveður hann, að hann hafi beðið um bifreið með kallmerki 722.

Sambýliskona ákærða, Hulda Sigurðardóttir, fædd 1943, er var með honum í bifreiðinni, kom fyrir dóm, en kvaðst sem unnusta ákærða skorast undan að bera vitni. Henni var bent á það, að hún hefði gefið og undirritað skýrslu fyrir lögreglunni 8. mars, en í henni hafði hún sagt, að farþeginn (Guðfinnur) hefði beðið ákærða að „redda“ sér um flösku og að ákærði hefði sótt flöskuna inn á heimili þeirra. Hún kvaðst ekkert óska að taka fram í tilefni af þessari skýrslu sinni.

Niðurstöður.

Þrátt fyrir neitun ákærða á sakarefni þykir fullsannað, að ákærði hafi sótt áfengisflösku inn í húsið, þar sem hann býr, og farið með hana út í bifreiðina. Þegar metnar eru allar aðstæður og bornar saman við vætti Guðfinns Þorsteinessonar, þykir einnig ljóst, að aðgerðir þessar hafi verið liður í sölu áfengis til Guðfinns. Til álita kemur einungis, hvort talið verður, að sala hafi farið fram, þannig að 18. gr. áfengislaga eigi við, eða hvort ákærði verði aðeins sakfelldur fyrir ólöglega vörslu áfengis, sbr. vara-kröfu ákæruvalds um sakfellingu skv. 19. gr. áfengislaga.

Dómurinn lítur svo á, að þar sem sannað er talið, að Guðfinnur hafi samið við ákærða um kaup á áfengisflösku, og af hálfu ákærða hafði komið til verulegra aðgerða til efnda á hans þætti samningsins, hafi ákærði gerst sekur um brot gegn 18. gr. áfengislaga, þótt kaupandi hefði ekki enn veitt flöskunni viðtöku né heldur greitt kaupverðið. Verður ákærða þannig refsað skv. þeim ákvæðum, sem í aðalkröfu ákæruvaldsins greinir.

Ákærði hefur sætt þessum refsidómum:

- | | | |
|------|-------|--|
| 1962 | 27/2 | 10 daga varðhald, sviptur ökuleyfi 1 ár fyrir áfengis- og umferðarlagabrot. |
| 1963 | 7/3 | 20 daga varðhald, sviptur ökuleyfi ævilangt, fyrir áfengis- og umferðarlagabrot. |
| 1963 | 16/12 | 4 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 254. gr. hegningarlaga. |
| 1964 | 13/3 | 20 daga varðhald, sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt fyrir áfengis- og umferðarlagabrot. |
| 1966 | 4/3 | 40 daga varðhald, sviptur ökuréttindum ævilangt, fyrir áfengis- og umferðarlagabrot. |

Auk þess hefur ákærði alls 10 sinnum sæst á greiðslu sekta fyrir ýmis brot, en hann hefur þó aldrei fyrr sætt refsíabyrgð fyrir ólöglega áfengissölu né áfengisvörslu. Hann hefur öðlast ökuleyfi á ný 15. júní 1970.

Refsing ákærða verður ákveðin 8.000 kr. sekt til ríkissjóðs, en þess er að gæta, að skv. 39. gr. áfengislaga er hámarksrefsing fyrir áfengissölu 20.000 kr., ef um fyrsta brot er að ræða. Sektin greiðist innan 4 vikna, en afplánist ella 4 daga varðhaldi.

Skv. 2. mgr. 42. gr. áfengislaga verður flaska sú, sem málið er risið af, gerð upptæk til handa ríkissjóði.

Skv. 141. gr. laga 74/1974 ber að dæma ákærða til að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, 15.000 kr.

Dómsorð:

Ákærði, Þráinn Gíslason, greiði 8.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 4 daga fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Brennivínsflaska sú, sem hald var lagt á við rannsókn málsins, skal vera upptæk og eign ríkissjóðs.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal 15.000 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.
